

63 amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi, 26. ágúst f. á.,
 13. maí þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 27. júlí f. á., er kveður svo á, að Ásgrímur nokkur Bjarnason skuli teljast sveitlægur í Kjósarhreppi.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, er úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður, sbr. landshöfðingjaúrskurði 5. janúar og 26. maí 1893 (Stjtið. 1893, B. bls. 1—2 og 62—63).

64 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um
 13. maí sveitarútsvar. — Með þóknaulegu brjefi dagsettu 20. marz þ. á., hafid þjer, herra amtmaður, borið undir úrskurð minn ágreining, sem orðið hefir milli hreppsnefndarinnar í Vopnafjardarhreppi í Norður-Múlasýslu og verzlunarstjóra Örum & Wulffs verzlunar á Vopnafirði, Ólafs Davíðssonar, út af því að hreppsnefndin hafði lagt aukaútsvar á verzlunarfulltrúa tjeðrar verzlunar, W. Bache, haustið 1893.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega gefið til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að hinn umræddi ágreiningur er um það, hvort dvöl tjeðs W. Baches og atvinnu á Vopnafirði sumarið 1893 hafi verið þannig varið, að honum bæri skylda til að greiða þar sveitarútsvar eða ekki, þá heyra úrslit þessa máls undir dómstólana, og er úrskurður sá, sem sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefur lagt á málið með brjefi 6. nóvbr. 1894, því ógildur.

65 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Lundarkirkju. —
 13. maí Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, veiti jeg hjer með leyfi til, að presturinn að Lundi taki 500 kr. lán handa kirkjunni, er ávaxtist og afborgist af tekjum hennar, en tekjur prestakallsins sjeu að veði til frekari tryggingar, þó þannig, að 200 krónum af umræddu láni sje varið til endurborgunar eptirstöðvum eldra láns (frá 1889), er á kirkjunni eða prestakallinu hvílir.

tekið eptiræskta umsögn hreppsnefndarinnar í Kjalarnesshreppi, fæðingarsveit Ásgríms þessa, um málefni þetta, úrskurðast það á þessa leið:

Ásgrímur Bjarnason, sem er fæddur 1856 á Esjubergi í Kjalarnesshreppi, hefur eptir því, sem fram er komið í málinu, dvalið 10 ár samfleytt í Kjósarhreppi, eptir að hann var kominn af ómagaaldri, og þar af 2 ár í húsmennsku á Þúfu. — Þessa húsmennskudvöl hans álitur hreppsnefndin í Kjósarhreppi ólögmeta af því, að Ásgrímur Bjarnason hafi eigi haft leyfi hreppsnefndarinnar til húsmennsku nje heldur beðið um slíkt leyfi, en þegar það er aðgætt, að hreppsnefndin aldrei amaðist við honum út af þessu eða andæfði í móti lögmati dvalar hans í hreppnum, heldur lagði á hann útsvör til hreppsins, verður eigi annað álitid, en að hreppsnefndin hafi þegjandi samþykkt húsmennskudvöl hans, og úrskurðast því hjer með, að Ásgrímur Bjarnason hafi með 10 ára lögmati dvöl í Kjósarareppi unnið sjer þar sveitfesti.